# Þriðjudagur 17. október



## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Börn í Thailandi. Fræðslumynd um líf og störf fjölskyldu sem býr í útjaðri Bangkok. 25 mín.
17.50 **Hellirinn hennar Maríu.** Dönsk barnamynd. (Nordvision – Danska sjónvarpið.)
18.15 **Sögusyrpan** (Kaboodle). Breskur barnamyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Sögumenn Helga Sigríður Harðardóttir og Hilmir Snær Guðnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Barði Hamar** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Í dauðans greipum** (A Taste for Death). Fjórði þáttur. Breskur sakamálamyndaflokkur í sex þáttum eftir P.D. James. Aðalhlutverk Roy Marsden, Wendy Hiller, Simon Ward og Penny Downie. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.25 **Stefnan til styrjaldar** (The Road to War). – Sjöundi þáttur – Bandaríkin. Breskur heimildarmyndaflokkur í átta þáttum. Þýðandi Gylfi Pálsson.
22.15 **Umræðuþáttur . á vegum Fréttastofu.**
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Sofðu mín kæra.** Sleep, My Love. Svart/hvít spennumynd frá árinu 1948 með stjörnunum Claudette Colbert, Robert Cummings og Don Ameche í aðalhluverkum. Eiginmaðurinn Dick hyggst gera auðuga eiginkonu sína vitskerta og sjá þannig til þess að hún fyrirfari sér. Leikstjóri: Douglas Sirk.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Elsku Hobo.** Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
18.15 **Veröld – sagan í sjónvarpi.** Stórbrotin þáttaröð sem byggist á Times Atlas-mannkynssögunni. (The Times Atlas of World History). Í þáttunum er rakin saga veraldar allt frá upphafi mannkynsins.
18.45 **Klemens og Klementína.** Leikin barna- og unglingamynd í þrettán hlutum. Fimmti hluti.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Visa-sport.** Íþróttaþáttur með svipmyndum frá víðri veröld. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.30 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Vandaðir kanadískir framhaldsmyndaþættir í sjö hlutum. Fimmti þáttur. Aðalhlutverk: Paul Gross, Michael Riley, Julie A. Stewart og Booth Savage.
23.10 **Hin Evrópa.** The Other Europe. Stórbrotin þáttaröð um Evrópu austan múrsins. Annar þáttur af sex.
0.00 **Á síðasta snúningi.** Running Scared. Gálgahúmorinn er í hávegum hafður, enda ekki að því að spyrja þegar háðfuglarnir Billy Crystal og Gregory Hines rugla saman reytum sínum og fara á kostum frá Chicago til Flórída. Aðalhlutverk: Gregory Hines, Billy Crystal og Steven Bauer. Leikstjóri: Peter Hyams. Stranglega bönnuð börnum.
1.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá þriðjudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn.** Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir lýkur lestri þýðingar sinnar (18).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir tekur á móti gesti sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Sigríði G. Wilhelmsen í Drammen. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagsmorgni.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Strauss og Svendsen. 18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn** – Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les (2).
20.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska samtímatónlist.
21.00 **Alexanderstækni.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Endurtekinn þáttur úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
21.30 **Útvarpssagan:** Lukku-Svíi eftir Martin Andersen Nexö. Elías Mar lýkur lestri þýðingar sinnar (4).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Aldrei að víkja eftir Andrés Indriðason. Fjórði og lokaþáttur. Leikstjóri: Brynja Benediktsdóttir. Leikendur: Grétar Skúlason, Þröstur Leó Gunnarsson, María Ellingsen, Sigrún Waage, Halldór Björnsson, Örn Árnason, Róbert Arnfinnsson, Jakob Þór Einarsson og Jón Gunnarsson.
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55 (Endurtekinn úr morgunútvarpi). Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91 - 38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Fyrsti þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Endurtekið úrval frá mánudagskvöldi á Rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Norrænir tónar.** Ný og gömul dægurlög frá Norðurlöndum.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson** með fréttatengdan morgunþátt, mannleg viðtöl og fróðleik í bland við morguntónlistina.
9.00 **Páll Þorsteinsson** útvarpsstjóri í sparifötunum. Vinir og vandamenn á sínum stað kl. 9.30, gullkorn og fróðleiksmolar, heimilishornið fyrir hádegi og góð tónlist.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir** í rólegheitunum í hádeginu, síðan er púlsinn tekinn á þjóðfélaginu.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson** á skokkskónum.
19.00 **Snjólfur Teitsson** með kvöldmatartónlistina.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** með ballöður og nýja rólega tónlist í bland, fylgist með því sem er að gerast.
24.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Skólalíf.** Litið inn í skóla bæjarins og kennarar og nemendur teknir tali.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Amerika.** Míníseria.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **The House of Dries Drear.**
15.00 **The Flight of Dragons.**
17.00 **Prisoners of the Lost Univers.**
19.00 **The Princess Bride.**
21.00 **Code of Silence.**
22.45 **Bachelor Party.**
00.30 **Revenge of the Nerds.**
03.00 **The Dark Crystal.**

## EUROSPORT

9.00 **Frjálsar íþróttir.** Svipmyndir frá Evrópumeistarakeppni unglinga.
10.00 **Íshockey.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
12.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
13.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
14.00 **Fimleikar.** Svipmyndir frá Evrópukeppni kvenna og karla.
15.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
16.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppni í Stuttgart.
17.00 **Hjólreiðar.** Keppni í Frakklandi.
18.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
19.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppni í Stuttgart.
21.00 **Tennis.** Keppni kvenna í Fielderstadt.
23.00 **Hnefaleikar.** Heimsmeistarakeppnin í Moskvu.

## SUPER CHANNEL

14.30 **Chart Attack.** Tónlistarþáttur.
15.30 **On the Air.** Tónlist.
17.30 **The Rock of Europe.** Tónlist.
18.30 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **Íþróttir.** Líkamsrækt.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.00 **Íþróttir.** Líkamsrækt.
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **The Mix** Konsertar, myndbönd o.fl.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Mjög góðar undirtektir hafa verið hjá hlustendum Bylgjunnar og margir sent gamlar 45 snúninga plötur. Nú er hægt að hringja og biðja um „gamla snúninga".**
**DV-mynd BG**

### Bylgjan kl. 12.00–15.00:

# „Bylgjan eins og gömul plötuverslun"

### – Valdís á opinni línu

Í dag mun Valdís Gunnarsdóttir spjalla við hlustendur á opinni línu frá klukkan 13.00–13.30. Rætt verður um ástandið í þjóðfélaginu og er talsverð áhersla lögð á jákvæð málefni. Þáttur Valdísar hefst klukkan 12 og leikur hún róleg lög til klukkan eitt. Um tvöleytið gluggar hún í nýjustu tónlistarblöðin sem berast til landsins og kynnir svokallaðan Adult-lista eða vinsældalista fullorðinna í Bandaríkjunum. Rennt verður yfir fjörutíu vinsælustu lögin vestanhafs.

Valdís minnir hlustendur á að enn stendur yfir söfnun á 45 snúninga plötum. Söfnunin hefur gengið mjög vel og hafa margir hringt á Bylgjuna og beðið um „gamla snúninga". Hluti af vistarverum útvarpsmanna við Snorrabrautina lítur nú út eins gömul plötuverslun og sennilega hægt að halda sýningu. -ÓTT

### Stöð 2 kl. 15.25:

# Sofðu, mín kæra

### – eiginmaður stuðlar að sjálfsmorði konunnar

Þessi síðdegiskvikmynd, sem heitir á frummálinu Sleep My Love, fær góða dóma í kvikmyndahandbókinni. Hún fjallar um illa innrættan og auðugan eiginmann sem reynir að gera konu sína svo ruglaða í ríminu að hún reyni að svipta sig lífi. Eiginmaðurinn er með aðra konu í takinu og tekst þeim í félagi við þriðja aðila, sem hefur hugsað sér að njóta auðæfanna með þeim, að byrla Alison Courtland eitur. Hún er komin á fremsta hlunn með að kasta sér fram af svölum er vin hennar ber að garði en hann hafði komist á snoðir um að ekki væri allt með felldu í lífi hennar. Myndin er frá árinu 1948 og segir kvikmyndahandbókin að leikur þeirra Claudette Colbert, Roberts Cummings, Dons Ameche og Raymonds Burr sé til mikillar fyrirmyndar. -ÓTT



**Viðtal við hina ungu og efnilegu hljómsveit, The Pale Saints, verður flutt á rás 1 í kvöld.**

### Rás 2 kl. 22.07:

# Rokk og nýbylgja

Í þættinum Rokk og nýbylgja verður kynnt tónlist af splunkunýjum rokkplötum og verður víða komið við. Fjallað verður um ýmsa nýbylgjutónlist, svo sem hip hop og tónlist þriðja heimsins. Auk þess verður ung og efnileg hljómsveit, The Pale Saints, frá Bretlandi kynnt. Flutt verður stutt viðtal við hana.

„Rokksveitin Dýrið gengur laust mun leika lausum hala, svo og hip-hop sveitin Niggers with Attitudes," segir í tilkynningu frá Ríkisútvarpinu. Einnig verða meistaraverk úr rokkinu frá 1982 rifjuð upp.